

Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar

18. mars 2020

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að aflétta 2% kröfu um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki og verður hann því 0%. Reglur þessa efnis hafa verið samþykktar og taka gildi eftir birtingu í Stjórnartíðindum. Nefndin mun ekki hækka sveiflujöfnunaraukann á næstu 12 mánuðum og verður hann því óbreyttur samkvæmt þeim reglum sem um hann gilda í a.m.k. tvö ár, fram á fyrsta ársfjórðung 2022.

Útbreiðsla COVID-19 veirunnar hefur haft mikil áhrif á samfélög, leitt til minnkandi efnahagsumsvifa og versnandi fjármálaskilyrða víða um heim. Óvissa ríkir um hversu mikil áhrifin verða og hversu lengi þau munu vara en ljóst er að efnahagshorfur á Íslandi hafa versnað til muna, a.m.k. til skamms tíma.

Eiginfjárstaða íslensku bankanna er sterk og vel umfram núverandi kröfur Seðlabankans. Bankakerfið er vel í stakk búið til að bregðast við áföllum. Mikilvægt er þó að draga úr neikvæðum áhrifum af auknum vanskilum og virðisrýrnun á miðlun lánsfjármagns. Aflétting kröfu um sveiflujöfnunarauka mun auðvelda bankakerfinu að styðja við heimili og fyrirtæki með því að skapa svigrúm til nýrra útlána sem nemur að öðru óbreyttu allt að 350 ma.kr. eða um 12,5% af núverandi útlánasafni.

Meginmarkmið sveiflujöfnunaraukans er að styrkja viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja gagnvart sveiflutengdri áhættu, styrkja miðlun lánsfjármagns á samdráttartímum og milda þannig áhrif fjármála-sveiflna á raunhagkerfið. Á síðustu árum hefur aukinn verið byggður upp með þau varúðarsjónarmið að leiðarljósi.

Fjármálastöðugleikanefnd brýnir fyrir fjármálafyrirtækjum að þau taki tillit til þeirrar miklu óvissu sem uppi er í þjóðarbúskapnum við ákvörðun um útgreiðslu arðs og endurkaup á eigin hlutabréfum á komandi misserum. Nefndin ætlar til þess að það svigrúm sem lækkun sveiflujöfnunaraukans skapar verði notað til að styðja við heimili og fyrirtæki. Fylgst verður vel með viðbrögðum bankakerfisins, stöðu heimila og fyrirtækja, og þeim fjármálalegu skilyrðum sem þeim eru búin á næstu misserum. Nefndin er reiðubúin að beita þeim tækjum sem hún hefur yfir að ráða til að varðveita fjármálastöðugleika hér á landi.